

AUGLÝSING

um iðgjöld atvinnurekenda til Atvinnuþryggingasjóðs.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 4/1959 verður iðgjald atvinnurekenda til Atvinnuleysistryggingasjóðs árið 1965, kr. 15.85 á vinnuviku.

Félagsmálaráðuneytið, 31. desember 1964.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

Nr. 297.

11. nóvember.

REGLUGERÐ

fyrir Keflavíkurflugvöll, um umferð, öryggi o. fl.

1. gr.

Almenn ákvæði.

Flugvallarstjórinn á Keflavíkurflugvelli fer með umboð flugmálastjórnarinnar (ráðherra, sem fer með flugmál og flugráð) á flugvellinum varðandi umráð og rekstur flugvallarins, skv. samningi við Bandaríki Norður Ameríku frá 8. maí 1951.

2. gr.

Almennar reglur um aðflug.

Allar leiðbeiningar til loftfara á umráðasvæði hinnar íslensku flugumferðarstjórnar, sem eru að fara inn á aðflugsstjórnarsvæði Keflavíkurflugvallar, skulu samræmdar milli flugstjórnarmiðstöðvarinnar í Reykjavík og aðflugsstjórnarinnar á Keflavíkurflugvelli í samræmi við:

- a) Reglur tilgreindar í þessari reglugerð.
- b) Nákvæmlega sundurliðaðar reglur, sem fylgt er, bæði af flugstjórnarmiðstöðinni í Reykjavík og aðflugsstjórninni á Keflavíkurflugvelli. Slíkar reglur skulu kveða á um takmörk aðflugssvæðis Keflavíkurflugvallar.

Öllum loftförum á leið til Keflavíkurflugvallar skal stjórnað af flugstjórnarmiðstöðinni í Reykjavík samkvæmt alþjóða flugreglum (ICAO), þar til þau koma að takmörkum aðflugsstjórnarsvæðis Keflavíkurflugvallar.

Við þessi takmörk skal flugstjórnarmiðstöðin í Reykjavík fyrirskipa loftfarinu að skipta um radiótiðni og nota þá tíðni, sem ætluð er fyrir aðflug. Síðan skal loftfarið fá frá aðflugsstjórn Keflavíkurflugvallar allar leiðbeiningar og fyrirskipanir varðandi aðflug, biðflug og flug úr skýjum, þar til venjulegum sjónflugskilyrðum er náð, en þá skal breytt um tíðni og haft samband við flugturninn á Keflavíkurflugvelli á fyrirskipuðum tíðnum, og gefur hann loftfarinu allar frekari leiðbeiningar og fyrirskipanir. Loftför mega ekki fara inn á umferðarstjórnarsvæði Keflavíkurflugvallar án þess að hafa áður fengið til þess leyfi í radió eða sérstakt leyfi í síma, áður en loftfarið hefur hafið flug frá öðrum stað.

Fyrir loftför, er fara frá Keflavíkurflugvelli, skal gera flugáætlanir, sem skulu afhentar umferðarstjórn flugvallarins fyrir brottför þeirra. Loftför þessi skulu fá